

2007

Orkuveita Reykjavíkur  
Umhverfisskýrsla | Environmental Report









## Efnisyfirlit

Inngangur forstjóra . . . . .	6
Umhverfisstefna Orkuveitu Reykjavíkur . . . . .	9
<b>Þýðingarmiklir umhverfisþættir . . . . .</b>	<b>12</b>
Útstreymi gróðurhúsalofttegunda . . . . .	12
Landgræðsla og skógrækt . . . . .	14
Úrgangur . . . . .	16
Notkun auðlinda . . . . .	17
Kalt vatn . . . . .	17
Lághiti . . . . .	19
Háhiti . . . . .	20
Hitapolnar bakteríur . . . . .	21
<b>Aðrir umhverfisþættir . . . . .</b>	<b>24</b>
Heildarframleiðsla . . . . .	24
Eigin notkun . . . . .	24
Eldsneytisnotkun . . . . .	25
Súrar lofttegundir . . . . .	25
Kyndistöð . . . . .	26
Aðrar lofttegundir . . . . .	26
Neysluvatnsnotkun í Reykjavík . . . . .	26
Eftirlit með vatnsverndarsvæðum . . . . .	27
Yfirfallstími í dælu- og hreinsistöðvum . . . . .	28
Umhverfisóhöpp . . . . .	28
<b>Samfélagsleg ábyrgð . . . . .</b>	<b>32</b>
Styrkir og framlög . . . . .	32
Fræðsla og gestamóttaka Orkuveitunnar . . . . .	33
Umhverfisvottun ferðamannaþjónustu . . . . .	35
Vistvænir bílar . . . . .	36
Binding CO <sub>2</sub> í basalti við Helliðsvirkjun . . . . .	36
Orkuskólinn REYST . . . . .	37
Umhverfis- og orkurannsóknasjóðurinn . . . . .	38
Mannauður . . . . .	39
Kynjahlutföll . . . . .	33
Heilsuefling starfsmanna . . . . .	40
Starfsmannafélag Orkuveitu Reykjavíkur . . . . .	41
Öryggismál . . . . .	41
Mat á umhverfisáhrifum . . . . .	42
Efnagreiningar á köldu vatni . . . . .	43
<b>Yfirlýsing stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur . . . . .</b>	<b>47</b>
<b>Áritun endurskoðenda . . . . .</b>	<b>48</b>
<b>Veitusvæði Orkuveitunnar . . . . .</b>	<b>49</b>
<b>Heimildir . . . . .</b>	<b>50</b>

## Inngangur forstjóra

---

Ársins 2007 verður eflaust minnst fyrir aukinn áhuga á orkumálum og útrás hér á landi. Á Íslandi er einstök aðstaða til nýtingar á vistvænni orku. Orkuveita Reykjavíkur hefur ábyrgð og vilja til að koma sérhæfðri þekkingu sinni á framfæri erlendis og leggja þannig sitt lóð á vogarskálarnar til að auka veg vistvænnar orku í heiminum.

Orkuveita Reykjavíkur er tengiliður milli náttúruauðlinda og samfélagsins. Ábyrg stefna gagnvart umhverfinu og samfélaginu eru því grunnþættirnir í starfsemi fyrirtækisins. Öll starfsemi Orkuveitunnar nýtir óháðrar vottunar í umhverfismálum, gæðamálum og öryggismálum auk þess sem vatnsveita, hitaveita, rafveita og fráveita njóta sérstakrar vottunar. Orkuveitan einsetur sér þannig að vera fyrirmynd annarra fyrirtækja hvað varðar ábyrga starfshætti á öllum sviðum.

Á undanförunum árum hefur verið mikil ásókn ferðamanna í að heimsækja Nesjavallarvirkjun. Á árinu 2007 var opnuð ný og glæsileg gestamóttaka við Helligshéðarvirkjun til að koma enn betur til móts við ferðamenn og aðra gesti. Í nýja húsnæðinu er öll aðstaða til fyrirmyndar og þar hafa verið settar upp fræðslusýningar til kynningar á nýtingu jarðhita og starfsemi virkjunarinnar, en einnig á náttúrufari, umhverfi og sögu Hengilssvæðisins. Til að gera gott enn betra er nú unnið að því að fá ferðamannaþjónustu Orkuveitunnar á Helligshéði og á Nesjavöllum vottaða sérstaklega með alþjóðlegri umhverfisvottun fyrir ferðaþjónustu.

Fá dæmi eru jafn skýr um það að orkuöflun, ferðamennska og útivist geta farið saman en Hengilssvæðið. Virkjun Orkuveitunnar á Nesjavöllum hefur verið sjálfstætt aðdráttarafli fyrir ferðafólk og sá metnaður sem Orkuveitan lagði í uppbyggingu kynningar- og móttökuskála Helligshéðarvirkjunar hefur þegar sýnt að ferðafólki þykir enn meiri fengur að henni. Samhliða þessu hefur fyrirtækið lagt meira en 100 kílómetra göngustíga um svæðið, sem gerir það að einhverri helstu útivistarperlu í grennd höfuðborgarinnar. Á sama tíma og borað er eftir gufu og aðfærsluæðar lagðar er stöðugt unnið að jarðabótum, gömlum námum lokað og fornir gígar endurbyggðir.

Rannsóknir á umhverfis- og orkumálum hér á landi styrktust til muna á árinu 2007 og í því átti Orkuveita Reykjavíkur stóran þátt. Í samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík stóð Orkuveitan að undirbúningi á stofnun orkuskólans REYST. Skólinn hefur það að markmiði að mennta leiðandi sérfræðinga á sviði stjórnunar og rannsókna um sjálfbæra orku. Með stofnun REYST verður því tryggður mannskapur til að styðja við fyrirséða eflingu orkufyrirtækja á Íslandi.

Á árinu var úthlutað í fyrsta skipti úr Umhverfis- og orkurannsóknasjóði Orkuveitunnar. Alls var 100 milljónum króna úthlutað til 40 verkefna. Með því sýndi Orkuveita Reykjavíkur stuðning sinn í verki við þverfaglegar rannsóknir og þau fræðasvið sem snúa að hinni fjölbættu starfsemi fyrirtækisins.

Stöðugt er lögð meiri áhersla á rannsóknarverkefni innan Orkuveitunnar. Eitt þeirra verkefna hefur þegar hlotið heimsathygli og gæti lagt mannkyninu til mikilvægan þátt í lausn gróðurhúsavandans. Verkefnið snýst um að minnka útstreymi koltvísýrings með því að binda hann í gosbergi og líkja þannig eftir náttúrulegu ferli, í senn metnaðarfullt og frumlegt.

Orkuveita Reykjavíkur er því stöðugt að leita leiða til þess að bæta umgengni sína við umhverfið enn frekar. Fyrirtækið hefur meðal annars mótað sér stefnu um að auka hlutvistvænna bíla í rekstri sínum. Á árinu 2007 voru fjórir vetnisbílarnir teknir í notkun og í lok árs voru 14 vistvænir bílar í notkun hjá fyrirtækinu. Stefnt er að því að fjölga þeim enn frekar í samræmi við sett markmið.



Orkuveita Reykjavíkur leggur mikla áherslu á ábyrga starfshætti. Gerðar eru þær kröfur að með skipulegum og heildstæðum hætti sé gerð grein fyrir þeim áhrifum sem Orkuveitan hefur á samfélagið. Markmið þessarar skýrslu er að gera almenningi – viðskiptavinum og eigendum fyrirtækisins – ljóst hvað Orkuveitan hefur að leiðarljósi, hvaða markmið fyrirtækið hefur sett sér og hvernig gengur að ná þeim markmiðum. Orkuveita Reykjavíkur leggur því stolt fram skýrslu um ábyrga starfshætti fyrir árið 2007.

*Hjörleifur B. Kvaran*

Hjörleifur B. Kvaran

Forstjóri







## Umhverfisstefna Orkuveitu Reykjavíkur

---

Orkuveita Reykjavíkur hefur einsett sér að vera í fararbroddi í góðri umgengni við umhverfið og hefur ákveðið að umhverfisstjórnun sé eitt af forgangsverkefnum fyrirtækisins.

Orkuveita Reykjavíkur leggur sérstaka áherslu á eftirtalda þætti:

- Að taka tillit til umhverfismála í allri starfsemi sinni og stuðla þannig að betra umhverfi.
- Að vera leiðandi á markaði í sölu umhverfsvænna afurða og veita þjónustu sem skilar viðskiptavinum hagkvæmstu lausnum sem völ er á hverju sinni.
- Að hafa að leiðarljósi að nýta auðlindirnar með eins litlum umhverfisáhrifum og kostur er.
- Að vinna markvisst að aukinni notkun vistvænnar orku, ekki síst þar sem eldsneyti er brennt í dag.
- Að þjálfa starfsfólk til þess að vinna að umhverfismálum og ástunda góða umgengni í störfum sínum og til þess að takast á við óvænta atburði.
- Að setja sér mælanleg markmið í umhverfismálum.
- Að fylgja öllum stjórnvaldskröfum sem gerðar eru varðandi umhverfismál og öðrum kröfum sem fyrirtækið hefur samþykkt að uppfylla.
- Að fara að kröfum staðalsins ISO 14001 og bæta stöðugt virkni umhverfisstjórnunarkerfisins.
- Að vinna í náginni samvinnu við viðskiptavini og þjónustuaðila um að þeir uppfylli umhverfismarkmið Orkuveitu Reykjavíkur.









Þýðingarmiklir umhverfisþættir

## Þýðingarmiklir umhverfisþættir

Þýðingarmiklir umhverfisþættir eru þeir sem lúta að kjarna-  
starfsemi fyrirtækisins. Fyrirtækið stýrir og vaktar þýðing-  
armikla umhverfisþætti eins og kostur er og hafa eftirtaldir  
þættir verið metnir sem þýðingarmiklir:

- Útstreymi gróðurhúsalofttegunda
- Landgræðsla og skógrækt
- Úrgangur
- Notkun auðlinda
- Hitapólnar bakteríur

### Útstreymi gróðurhúsalofttegunda

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreyt-  
ingar kveður á um að aðildarríki skuli halda umhverfisbók-  
hald. Megintilgangurinn með bókhaldinu er að fylgjast með  
losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið. Í samræmi  
við stefnu Orkuveitunnar að taka tillit til umhverfismála í allri  
starfsemi sinni er fylgst með útstreymi gróðurhúsaloftteg-  
unda á öllum sviðum fyrirtækisins. Fylgst er með hversu  
stórt hlutfall af heildarlosun á Íslandi megi skrifa á starfsemi  
Orkuveitunnar og einnig hvort útstreymi gróðurhúsaloftteg-  
unda frá fyrirtækinu aukist milli ára.

Gróðurhúsalofttegundirnar koltvísýringur ( $\text{CO}_2$ ), tvíköfnunar-  
efnisoxíð ( $\text{N}_2\text{O}$ ) og metan ( $\text{CH}_4$ ) eru allt lofttegundir sem falla  
til í einhverjum mæli vegna starfsemi Orkuveitunnar. Koltví-  
sýringur ( $\text{CO}_2$ ) er, ásamt vatnsgufu ( $\text{H}_2\text{O}$ ), sú lofttegund sem  
veldur mestum gróðurhúsaáhrifum.

Brennisteinshexaflúoríð ( $\text{SF}_6$ ) hefur ekki mælst frá fyrirtæk-  
inu sem útstreymi, en það er notað sem einangrunargas í  
háspennubúnaði aðveitu- og dreifikerfis.

Útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi Orkuveit-  
unnar er flokkað eftir ólíkum uppruna frá:

- Nesjavallavirkjun
- Hellisheiðarvirkjun
- Varaafstsstöðvum
- Bílafloata fyrirtækisins
- Kyndistöð

Allur útblástur frá Nesjavöllum og Hellisheiðarvirkjun mið-  
ast við rekstur virkjananna og tilraunaboranir á svæðunum.  
Útblástur frá kyndistöð hefur eingöngu verið vegna prófana  
undanfarin ár. Með varaafli er fyrst og fremst átt við litlar  
spennistöðvar sem nota þarf til þess að knýja dælur, t.d. með-  
an borun stendur yfir eða ef bilun verður á raftengingum þar  
sem dælur eru reknar. Litlar varaafstöðvar er einnig að finna  
í hitaveitum og neysluvatnsveitum. Með varaafstsstöðvum er  
því bæði um að ræða fastar stöðvar og færanlegar.

Í töflu 1 eru upplýsingar um útstreymi gróðurhúsalofttegunda  
vegna starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur. Útstreymið er farið að  
skipta máli en þó nær útstreymi vegna alls reksturs fyrirtæk-  
isins ekki nema um 1,1% af heildarútstreymi gróðurhúsaloft-  
tegunda á Íslandi árið 2007. Tafla 2 sýnir hlut Orkuveitunnar  
í heildarútstreymi á Íslandi á árunum 2002 til 2007.



Tafla 1. Útstreymi gróðurhúsalofttegunda

			Uppruni	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Koltvísýringur (CO <sub>2</sub> )	Nesjavellir	tonn	15.557	11.058	11.551	13.259	12.673	15.412	
	Hellisheiði	tonn	957	3.602	1.943	2.779	- <sup>1)</sup>	24.211	
	Varaafli	tonn	44	13	2	33	41	91	
	Bílar	tonn	627	763	797	794	919	935	
	Kyndistöð	tonn	0	44	0	55	0	30	
	<b>Samtals CO<sub>2</sub></b>	<b>tonn</b>	<b>17.185</b>	<b>15.480</b>	<b>14.293</b>	<b>16.920</b>	<b>13.633</b>	<b>40.679</b>	
Metan (CH <sub>4</sub> )	Nesjavellir	tonn	29 <sup>2)</sup>	14	21	29	27	26	
	Hellisheiði	tonn	1	0	0	4	- <sup>1)</sup>	22	
	Varaafli	kg	2	1	0	2	3	7	
	Bílar	kg	89	107	109	104	130	113	
	Kyndistöð	kg	0	3	0	4	0	2	
	<b>Samtals CH<sub>4</sub></b>	<b>tonn</b>	<b>30</b>	<b>14</b>	<b>21</b>	<b>33</b>	<b>27</b>	<b>48</b>	
Tvíköfnunarefnisoxíð (N <sub>2</sub> O)	Varaafli	kg	18	6	0	0,3	0,3	0,9	
	Bílar	kg	5	6	7	7	8	9,2	
	Kyndistöð	kg	0	0,4	0	0,4	0	0,3	
	<b>Samtals N<sub>2</sub>O</b>	<b>kg</b>	<b>23</b>	<b>12,4</b>	<b>7</b>	<b>7,7</b>	<b>8,3</b>	<b>10,4</b>	
Brennisteinshexaflúoríð (SF <sub>6</sub> )	Samtals SF <sub>6</sub>	kg	0	0	0	0	0	0	

<sup>1)</sup> Ekki reyndist unnt að fá tölur frá Hellisheiði árið 2006<sup>2)</sup> Leiðrétt frá fyrra ári

Allur útblástur frá Nesjavöllum árið 2007 var vegna reksturs virkjunarinnar. Aukning á útblæstri koltvísýringis milli ára á Nesjavöllum má rekja til þess að fjórða vélin var tekin í notkun í virkjuninni og þar með varð aukning í upp-töku á svæðinu.

Mikil aukning á útblæstri frá Hellisheiði stafar af því að árið 2006 hófst rekstur virkjunarinnar. Fyrir þann tíma var eingöngu um að ræða útstreymi vegna tilraunaboranna. Árið 2007 var um fjórðungur útstreymis frá Hellisheiði á koltvísýringi og metani vegna tilraunaborana, annað var vegna reksturs virkjunarinnar.

Frá Nesjavallarvirkjun og Hellisheiði kemur svipað gufumagn, um 6 milljónir tonna. Styrkur CO<sub>2</sub> í gufunni frá Hellisheiði er þó meiri, sem er eðlilegt fyrst eftir að virkjun hefst, en þessi styrkur minnkar með tímanum.

Tafla 2. Hlutfall útstreymis vegna starfsemi Orkuveitunnar af heildarlosun á Íslandi<sup>1)</sup>

	2002	2003	2004	2005	2006 <sup>1)</sup>	2007 <sup>1)</sup>
Koltvísýringur (CO <sub>2</sub> )	0,6%	0,6%	0,5%	0,6%	0,5% <sup>2)</sup>	1,4%
Metan (CH <sub>4</sub> )	0,1%	0,1%	0,1%	0,2%	0,1% <sup>2)</sup>	0,2%
Tvíköfnunarefnisoxíð (N <sub>2</sub> O)	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%

<sup>1)</sup> Árin 2006 og 2007 miðast við nýjustu tölur um heildarlosun á Íslandi, frá 2005<sup>2)</sup> Ekki reyndist unnt að fá tölur frá Hellisheiði árið 2006

### Landgræðsla og skógrækt

Árið 2007 hélt Orkuveita Reykjavíkur áfram að vinna að landbótum með gróðursetningu trjáa, sáningu í örfoka svæði og áburðargjöf. Með landgræðslu vinnur fyrirtækið markvisst að því að bæta landgæði með því að sporna við eyðingu gróðurs og jarðvegs. Einnig fæst með því aukin kolefnisbinding sem að mati alþjóðasamfélagsins er viðurkennd leið til þess að vinna gegn heildarlosun gróðurhúsalofttegunda. Ávinningur af þessu starfi Orkuveitunnar er því tvíþættur.

Árlega eru teknar saman upplýsingar um fjölda plantna sem gróðursettar hafa verið. Að auki er upplýsingum safnað um sáningu og það magn áburðar sem dreift var á árinu. Þessar upplýsingar eru birtar í töflu 3. Tafla 4 sýnir hvaða plöntutegundum hefur verið plantað síðustu ár og fjölda þeirra.

Árið 2007 fékk Orkuveitan Dr. Ingva Þorsteinsson til að leggja mat á kolefnisbindingu sem náðst hefur með uppgræðslu og skógrækt á jörðum Orkuveitu Reykjavíkur í Grafningi. Í skýrslu hans er í fyrsta skipti lagt mat á bindingu koltvísýrings sem næst með uppgræðslu.<sup>2</sup>

Niðurstaða skýrslunnar bendir til þess að með uppgræðslu hafi náðst að binda sem svarar um 700 tonnum af koltvísýringi á ári. Í skýrslunni er einnig lagt mat á bindingu sem náðst hefur með skógrækt á þessu sama svæði. Niðurstaðan er sú að bindingin nemi tæplega 800 tonnum af koltvísýringi á ári og að gera megi ráð fyrir þeirri bindingu árlega í um 90 ár.<sup>3</sup>

Í þessari tölu er ekki tekin með skógrækt í Bernskuskógi og Skólaskógum, en þar hefur verið plantað í um 50 hektara lands. Áætla má að binding í þessum skógum sé um 200 tonn koltvísýrings árlega.

Tafla 3. Gróðursetning, sáning og áburðardreifing

Gróðursetning		2002	2003	2004	2005	2006	2007
Í Skólaskógum	stk.	5.200	5.800	5.100	5.500	5.750	4.880
Í Bernskuskógi	stk.	1.700	1.500	1.700	1.720	1.730	780
Í Straumnesi	stk.	500	1.450	650	200	-	-
Á Borgarvíkursvæði	stk.	-	-	150	-	-	-
Í Úlfjótshlí	stk.	-	-	3.700	-	-	-
Við Úlfjótshlí	stk.	-	-	-	1.000	-	-
Á Nesjavöllum	stk.	8.040	10.000	2.750	1.100	6.800	1.000
Við Ölfusvatn	stk.	10.150	10.000	11.200	30	300	250
Við Deildartungu	stk.	-	-	130	-	-	-
Við Andakílsársvirkjun	stk.	-	7.200	740	-	-	-
<b>Samtals</b>	<b>stk.</b>	<b>25.590</b>	<b>35.950</b>	<b>26.120</b>	<b>9.550</b>	<b>14.580</b>	<b>6.910</b>
Grasfræi sáð	m <sup>2</sup>	11.000	17.500	22.000	37.000	25.000	442.455
Hvítsmára sáð	m <sup>2</sup>	1.000	1.000	1.000	6.800	5.000	-
Tilbúnum áburði dreift	tonn	10	15	12	11	18	26
Lífrænum úrgangi dreift	m <sup>3</sup>	150	155	150	120	35	21

2. Ingvi Þorsteinsson, 2007

3. Ingvi Þorsteinsson, 2007, bls. 12–14


Tafla 4. Gróðursettar trjátegundir

		2002	2003	2004	2005	2006	2007
Birki	stk.	20.950 <sup>1)</sup>	24.500	19.020	6.100	8.500	6.910
Greni	stk.	50	220	250	30	-	-
Fura	stk.	1.030	4.250	150	-	50	-
Lerki	stk.	1.750	1.130	50	-	-	-
Elri	stk.	90	250	300	-	30	-
Ösp	stk.	100	150	50	1.460	1.600	-
Reynir	stk.	110	200	600	920	250	-
Víðitegundir	stk.	500	900	4.500	550	4.030	-
Runnar	stk.	1.010	4.350	1.200	490	120	-
<b>Samtals</b>	<b>stk.</b>	<b>25.590</b>	<b>35.950</b>	<b>26.120</b>	<b>9.550</b>	<b>14.580</b>	<b>6.910</b>

<sup>1)</sup> Leiðrétt tala frá fyrra ári

Samtals gerir þetta um 1700 tonna bindingu á ári. Við matið á bindingunni er stuðst við niðurstöðu ítarlegs mats sem gert var árið 2002 á landgræðslu og skógrækt Orkuveitunnar.<sup>4</sup> Frá árinu 2002 hefur sama aðferð verið notuð til þess að áætla viðbótar kolefnisbindingu vegna gróðursetningar á ári hverju. Niðurstaða þeirra útreikninganna er í töflu 5. Þar er kolefnisbindingin umreiknuð í ígildi kol-tvísýrings til þess að auðvelda samanburð við útstreymi vegna starfsemi Orkuveitunnar.

Eins og fram kemur á mynd 1 er kolefnisbinding á ári vegna gróðursetningar Orkuveitunnar meiri en árlegt útstreymi CO<sub>2</sub> vegna eigin orkunotkunar fyrirtækisins (bílar, varaafli og kyndistöð). Við útreikningana er gengið út frá því að uppsafnað grunngildi árið 2002 sé 1700 tonn á ári í samræmi við niðurstöður skýrslunnar 2007 um kolefnisbindingu.

Mynd 1. Árleg binding CO<sub>2</sub> vegna gróðursetningar Orkuveitunnar og útstreymi CO<sub>2</sub> vegna eigin notkunar (bílar, varaafli og kyndistöð).

Tafla 5. Kolefnisbinding vegna gróðursetningar á vegum Orkuveitunnar

		2002	2003	2004	2005	2006	2007
Fjöldi gróðursettra plantna	stk.	25.590	35.950	26.120	9.550	14.580	6.910
Kolefnisbinding, viðbót á ári	tonn	50	70	60	20	30	20
Heildarkolefnisbinding á ári	tonn	1.750	1.820	1.880	1.900	1.930	1.950

4. Ingvi Þorsteinsson, 2002

## Úrgangur

Úrgangi frá Orkuveitu Reykjavíkur er skipt í þrjá flokka eftir því hvernig honum er fargað:

- Úrgangur til urðunar
- Úrgangur til endurvinnslu
- Spilliefni

Heildarmagn úrgangs frá Orkuveitunni árið 2007 má sjá í töflu 6. Til samanburðar eru birtar tölur fyrir árin 2001 til 2006. Úrgangur frá Orkuveitunni jókst um 8,6% á milli ára, sem skýrist af auknum umsvifum fyrirtækisins. Blandaður úrgangur til urðunar jókst um rúm 8% frá fyrra ári meðal annars vegna þess að miklu magni af asbestlögnum úr aðveitukerfi Borgarness var fargað á árinu 2007. Stærsti hluti úrgangs sem fer í urðun er fráveituúrgangur, eða rétt tæp 70%, og getur Orkuveitan ekki haft áhrif á magn hans.


Stefna fyrirtækisins er að minnka fastan úrgang og auka hlutfall endurvinnslu eins og mögulegt er á komandi árum. Hlutfall úrgangs sem fór til endurvinnslu árið 2007 var rúm 14%, en það er svipað hlutfall og árið áður. Í töflu 6 sjást einnig breytingar innan úrgangsflokka milli ára.

Á mynd 2 má sjá hvernig skipting milli úrgangsflokka þróast á árunum 2002 til 2007. Fráveita Reykjavíkur var sameinuð Orkuveitunni árið 2005 sem skýrir mikla aukningu á úrgangi til urðunar það ár. Árið 2006 stækkaði þjónustuvæði hreinsistöðvarinnar í Klettagörðum sem leiddi til tölverðar aukningar á fráveituúrgangi frá fyrirtækinu.

Tafla 6. Heildarmagn úrgangs

		2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Blandaður úrgangur í urðun	kg	110.434	194.388	221.909	278.006	268.640	238.438	268.959
Fráveituúrgangur	kg	-	-	-	-	1.040.870	1.439.380	1.513.440
Asbest	kg	-	-	-	-	23.120	368.780	431.720
<b>Til urðunar samtals</b>	<b>kg</b>	<b>110.434</b>	<b>194.388</b>	<b>221.909</b>	<b>278.006</b>	<b>1.332.630</b>	<b>2.046.598</b>	<b>2.214.119</b>
Lífrænn úrgangur	kg	-	-	4.980	10.810	10.745	15.000	14.185
Jarðvegssuppylling	kg	-	-	-	-	-	-	62.287
Plastumbúðir	kg	-	-	-	2.040	1.430	2.810	3.632
Litað og ólitað timbur	kg	42.470	63.360	64.055	67.280	151.555	181.141	114.795
Bylgjupappi	kg	2.010	2.405	6.755	20.170	9.220	14.420	20.609
Skrifstofupappír	kg	7.247	1.490	1.890	5.001	4.374	5.717	5.621
Málmar	kg	205.100	338.110	396.646	296.045	164.660	122.195	152.443
<b>Til endurvinnslu samtals</b>	<b>kg</b>	<b>256.827</b>	<b>405.365</b>	<b>474.326</b>	<b>401.346</b>	<b>341.984</b>	<b>341.283</b>	<b>373.572</b>
Ólíúrgangur	kg	20.493	13.549	38.221	11.048	17.770	11.192	26.334
Lífræn spilliefni með halógenum/brennisteini	kg	613	2.135	879	21	538	1.347	659
Lífræn spilliefni án halógena/brennisteins	kg	969	259	2.102	3.545	8.852	4.179	780
Rafgeymar og rafhlöður	kg	1.108	848	2.710	2.151	6.625	2.060	1.417
Kvikasilfurmengaður úrgangur	kg	-	-	-	22	1	1	25
Ólífræn spilliefni og annað	kg	8	-	63	141	9.698	5.590	2.731
<b>Spilliefni samtals</b>	<b>kg</b>	<b>23.191</b>	<b>16.791</b>	<b>43.975</b>	<b>16.928</b>	<b>43.487</b>	<b>24.369</b>	<b>31.946</b>





Mynd 2. Förgun úrgangs á árunum 2002 til 2007.

### Notkun auðlinda

Veitusvæði Orkuveitunnar hefur stækkað mikið undanfarin ár. Heita vatnsins er aflað með dælingu úr lágghitasvæðum og er einnig framleitt á hághitasvæðum með upphitun á köldu vatni. Veitusvæðið nær til Reykjavíkur og nágrennis, Stykkishólms, Grundarfjarðar, Akraness, Borgarness og uppsveita Borgarbyggðar. Orkuveitan á auk þess hitaveitur í Hveragerði, Þorlákshöfn og nágrennsveitarfélögum, í Bláskógabyggð, á

Hellu og Hvolsvelli. Markmið Orkuveitunnar er að nýting þessara auðlinda sé eins sjálfbær og nokkur kostur er.

Vatnsveitum í eigu Orkuveitunnar hefur einnig fjölgað mikið undanfarin ár. Vatnsöflun fyrir höfuðborgarsvæðið er í Heiðmörk en Orkuveitan á auk þess vatnsveitur í Stykkishólmi, á Grundarfirði, á Akranesi, í Bláskógabyggð, Borgarnesi og uppsveitum Borgarfjarðar.

### Kalt vatn

Kalt vatn er ein þeirra náttúruauðlinda sem Orkuveitan hefur umsjón með á veitusvæðum sínum. Undanfarin ár hafa margar vatnsveitur bæst í hóp þeirra veitna sem fyrirtækið á og rekur. Markmið Orkuveitunnar er að tryggja að vel sé gengið um þessar auðlindir og að þær séu ekki ofnýttar.


Tafla 7. Vatnsveitur Orkuveitu Reykjavíkur

Veitustaður	Brunnsvæði	Eftirlitsaðferð	Vatnsmagn	Athugasemdir
Reykjavík og nágrenni	Gvendarbrunnar, Myllulækur	Borholumæling	Yfirdrifið	
Akranes	Berjadalur	Yfirfall	Nóg	
Borgarnes	Seleyri	Borholumæling/ Yfirfall	Yfirdrifið	
Álftanes	Vatnsveita Garðabæjar	-		Vatn keypt af Garðabæ
Bifröst	Grábrók	Borholumæling/Yfirfall	Yfirdrifið	
Bæjarsveit	Varmalækjarmelar	Yfirfall	Nóg	
Grundarfjörður	Grund	Yfirfall	Yfirdrifið	
Hellisheiði	Engidalur	Borholumæling	Yfirdrifið	
Hlíðarveita	Bjarnarfell	-		Vatn fengið hjá Bláskógabyggð
Hvanneyri	Fossamelar	Yfirfall	Nóg	
Kleppjárnsreykir	Hamramelar/undir Snældubjörgum	Yfirfall/Borholumæling	Nóg	
Munaðarnes	Grábrók	Borholumæling/ Yfirfall	Yfirdrifið	
Nesjavellir	Grámelur/Gróðurhúsaland og Gilsind	Tankmæling	Yfirdrifið	
Reykholt	Breiðabólstaður/Hægindi	Yfirfall	Nóg	
Stykkishólmur	Svelgsárhraun	Yfirfall	Yfirdrifið	

Í töflu 7 er yfirlit yfir þær vatnsveitur sem fyrirtækið rekur ásamt upplýsingum um hvers konar eftirlit er haft með vatnsstöðu á hverju svæði.


Dæmi um eftirlit með kaldavatsforðanum er eftirlit á Gvendarbrunnssvæðinu þar sem forðinn er metinn út frá vatnshæð í tilraunaborholum í Heiðmörk.

Mynd 3 sýnir grunnvatnsstöðuna í holu V18 í Heiðmörk á árinu 2007. Mælingar eru sjálfvirkar og gerðar á klukkustundar fresti. Viðmiðunarmörk hafa verið sett um 80 m y.s. (metrar yfir sjávarmáli). Þessi mörk eru þó ekki afgerandi. Nálgist vatnsborðið þetta viðmið eru starfsmenn viðbúinir til aðgerða, en vatnsborðið hefur ekki farið niður fyrir þessi mörk undanfarinn áratug.



Mynd 3. Grunnvatnsstaða í holu V18 í Heiðmörk árið 2007

Hæsta staða í holu V18 á árinu 2007 mældist 86,57 metrar yfir sjávarmáli (m y.s.) í lok desember. Lægsta staða í holunni mældist 81,83 m y.s. í lok ágúst og einnig í byrjun september, sjá töflu 8. Vatnshæðin í borholunni er mæld og skráð í töflu 8 og sýnd á mynd 4 þar sem sjá má hvernig meðalvatnshæðin, hæsta og lægsta staða sveiflast milli ára.




Mynd 4. Grunnvatnsstaða holu V18 á árunum 1992 til 2007. Viðmiðunarmörk eru að staðan fari aldrei undir 80 m y.s.

Á hverju ári eru tekin sýni úr vatnsbólunum í Reykjavík til örverugreininga. Árið 1997 var HACCP eftirlitskerfi innleitt til þess að tryggja vatnsgæði. Árið 2007 voru tekin 104 sýni í Reykjavík og stóðust öll gæðakröfur að einu undanskildu. Niðurstöður eru sýndar á mynd 5 hér á eftir ásamt mælingum fyrri ára og kemur árangur af innleiðingu HACCP kerfisins vel í ljós.

Tafla 8. Grunnvatnsstaða V18


		2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Meðalstaða	m y.s.	81,93	81,31	81,95	81,99	82,73	82,96	83,38	83,26
Hæsta staða	m y.s.	84,68	82,79	83,38	84,50	85,14	85,26	85,84	86,57
Lægsta staða	m y.s.	80,99	80,54	80,59	80,80	81,18	82,23	82,39	81,83




Mynd 5. Hlutfall sýna sem stóðust gæðakröfur á árunum 1986 til 2007

### Lághiti


Mælingar á niðurdætti í borholum eru notaðar sem viðmiðun fyrir nýtingu lághitasvæðanna. Ef vatnshæðin í tilteknum borholum nálgast dæluþýpið er ástæða til aðgerða. Á framleiðslusviði Orkuveitunnar er tekin ákvörðun um hvort lækka eigi dælur eða hvort rétt sé að hvíla svæði. Myndir 6 til 9 sýna vatnshæðina í tilteknum holum á þeim fjórum lághitasvæðum sem Orkuveitan nýtir á höfuðborgarsvæðinu. Einnig sýna þær dýpt dælnanna sem viðmiðunarmörk.




Mynd 6. Reykir, dýpt í holum MG-1 og SR-32



Mynd 7. Reykjalíð, dýpt í holu MG-28



Mynd 8. Laugarnes, dýpt í holum RG-5 og RG-7




Mynd 9. Elliðaár, dýpt í holu RG-27

**Háhit**

Orkuveitan leggur höfuðáherslu á að allar auðlindir séu nýttar á sem sjálfbærastan hátt. Á háhitasvæðunum er fylgst með áhrifum orkuvinnslunnar á svæðin eins og kostur er. Á Nesjavöllum er mældur niðurdráttur á svæðinu og hann borinn saman við reiknaðan niðurdrátt samkvæmt reiknilíkani sem hermir jarðhitann og vinnsluna í kringum Hengil. Reiknilíkanið var hannað árið 2003 af þeim Grími Björnssyni og Arnari Hjartarsyni, starfsmönnum Íslenskra orkurannsókna (ÍSOR). Árið 2005 var líkanið endurkvarðað vegna mats á viðbrögðum kerfisins við fyrirhugaða vinnslu á Skarðsmýrarfjalli.

Á mynd 10 er sýndur samanburður á mældum og reiknuðum niðurdrætti á Nesjavöllum, í holum NJ-18 og NJ-15. Heildregnir ferlar eru reiknaðir samkvæmt líkaninu en punktar eru mæld gildi á 800–1000 metra dýpi. Ársmeðalvinnsla á Nesjavöllum er svo að finna á neðri hluta myndarinnar. Varðandi nýtingu háhitasvæðanna hefur verið valin sú leið að meta hvernig raunnýting svæðanna er samanborin við rekstrarlíkan (spálíkan) sem búið er til hjá Íslenskum orkurannsóknum fyrir Nesjavelli og Hellisheiði. Reynslan hefur sýnt að svæðin gefa yfirleitt meiri orku en spálíkön gefa til kynna.



Mynd 10. Þrýstifall í háhitaholum. Heilir ferlar eru reiknaðir samkvæmt líkani en punktar sýna mæld gildi.



Ef mælingar sýna frávik frá reiknuðu línunni þá er vinnslan í ósamræmi við spána fyrir svæðið og þá þarf að endurkvarða líkanið. Á 5 ára fresti eða oftar er líkanið endurreiknað miðað við allar nýjar mælingar og spáð áfram til næstu 30 ára. Þumalfingursreglan er sú að hægt sé að spá með nokkurri nákvæmni álfka langt fram í tímann og sú vinnslusaga sem lögð er til grundvallar. Við fyrstu spá fyrir Nesjavelli lá einungis til grundvallar vinnsla í 3–5 ár og nákvæmni spárinnar var því lítil. Þegar líkanið var síðast endurkvarðað í byrjun árs 2005 var vinnslusagan 15–20 ár á Nesjavöllum og spáin því mun áreiðanlegri en fyrri spár.

Mælingar á árinu 2007 sýna að niðurdrátturinn í holu NJ-15 fylgir ágætlega spánni, en liggur heldur undir spánni fyrir holu NJ-18. Unnið er að endurskoðun rekstrarlíkansins með auknum gögnum frá Hellisheiði og nýrri gögnum frá Nesjavöllum. Ef í ljós kemur að verið sé að ofnýta auðlindirnar er gripið til ráðstafana. Það er gert með því að auka vinnslu á sumum svæðum en minnka á öðrum og með því að bæta við svæðum vegna stækkunar markaðarins.

### Hitapólnar bakteríur

Þýðingarmikill hluti af stafsemi fráveitu er vöktun umhverfispátta. Í starfsleyfum skólphreinsistöðvanna eru skilgreind þynningarsvæði þar sem mengun má vera yfir viðmiðunarmörkum (umhverfismörkum) og er fjöldi hitapólna saurkólíabaktería eða enterokokka notaður sem mælikvarði. Utan skilgreindra þynningarsvæða skal mengun hins vegar vera undir viðmiðunarmörkum. Viðmiðunarmörk eru skilgreind í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Þar segir að í a.m.k. 90% tilfella skuli fjöldi saurkólígerla eða saurkokka utan þynningarsvæða í sjó vera undir 1000 pr. í 100 ml. en við fjörur þar sem útivistarsvæði eru ellegar matvælaíðnaður í nánd skal fjöldinn vera undir 100 pr. í 100 ml.

Stærð þynningarsvæða eru ákvörðuð með dreifilíkani þar sem tekið er tillit til ýmissa umhverfispátta, svo sem hita, straums og líftíma baktería. Dreifilíkanið ákvarðar jafnframt lengd útrásar svo að tryggt sé að þynningarsvæði nái hvergi að stórstraumsfjörumörkum.


Frá því í mars 2006 og fram í apríl 2007, voru 20 sýni tekin mánaðarlega á jöðrum þynningarsvæða skólphreinsistöðva Reykjavíkurborgar og á völdum stöðum við fjörur í Reykjavík. Niðurstöður mælinganna er að finna í töflu 9 hér að neðan og sýna að kröfur reglugerðarinnar eru uppfylltar í 100% tilfella við þynningar svæði, í 83% tilfella fyrir saurkólígerla við fjöruborð og 96% tilfella fyrir enterokokka við fjöruborð.

**Tafla 9. Hlutfall sýna sem mældist undir viðmiðunarmörkum í sýnatökum árið 2007**

	Saurkólígerlar	Enterokokkar
Þynningarsvæði	100%	100%
Fjöruborð	83%	96%







Aðrir umhverfisþættir



## Aðrir umhverfisþættir

### Heildarframleiðsla

Aukning varð á framleiðslu Orkuveitu Reykjavíkur á heitu og köldu vatni á árinu 2007, og einnig á framleiðslu rafmagns með jarðgufu. Hins vegar dró úr framleiðslu rafmagns með vatnsafli og hauggasi. Heildarframleiðsla fyrirtækisins er skráð í töflu 10.

Framleiðsla fyrirtækisins á heitu vatni jókst um tæp 8% frá fyrra ári og var heildarframleiðslan um 78,3 milljónir rúmmetra. Viðbótin er að hluta vegna aukinnar vatnsnotkunar á höfuðborgarsvæðinu, en einnig vegna nýrra veitna, Rangárveitu og Borgarfjarðarveitu efri.

Kaldavatnsframleiðsla var um 29,0 milljónir rúmmetra árið 2007 og er það aukning um tæpt 1% frá árinu áður. Hér má geta þess, að Kópavogsbær hætti viðskiptum á árinu.

Heildarframleiðsla rafmagns jókst um 48% frá fyrra ári. Framleiddar voru 1.808 GWh af rafmagni með jarðgufu á árinu og er það 51% aukning frá árinu áður. Þessi aukning kemur til vegna þess að tvær vélar í Hellisheiðarvirkjun voru gangsettar í október 2006, og voru í gangi allt árið 2007. Að auki var ný vél gangsett í Hellisheiðarvirkjun í lok árs 2007.

Orkuveitan framleiddi 32,8 GWh af rafmagni með vatnsafli sem var tæplega 18% minna en á fyrra ári og skýrist minnkunin af endurbótum sem áttu sér stað í Andakílsárvirkjun á árinu.

Rafmagnsframleiðsla með hauggasi minnkaði um 82%. Ástæður voru erfiðleikar við gasframleiðslu í Álfsnesi sem fylgdu vandkvæði við afhendingu á metani.

### Eigin notkun

Orkuveita Reykjavíkur fylgist vel með eigin notkun á orku og vatni. Notkunin er helst við rekstur fasteigna, vinnslu Orkuveitunnar á heitu vatni og til dælingar á heitu og köldu vatni. Tafla 11 sýnir eigin notkun fyrirtækisins á árinu 2007.

Stærsti hluti orkunnar fer í dælingu vatns. Á árinu var eigin notkun rafmagns um 197,8 GWh sem eru um 23% af heildarframleiðslu fyrirtækisins. Aukningin skýrist af því að kveikt var á fyrstu vélunum á Hellisheiði október 2006.

Tafla 10. Heildarframleiðsla Orkuveitunnar

		2002	2003	2004	2005	2006	2007	Breyting frá fyrra ári
Heitt vatn	m <sup>3</sup>	62.911.000	60.780.000	64.000.000	71.000.000	72.700.000	78.275.000	8%
Kalt vatn	m <sup>3</sup>	23.900.000	24.050.000	26.200.000	27.500.000	28.710.000	28.954.000	1%
Rafmagn með jarðgufu	MWh	601.337	615.300	672.800	779.500	1.201.000	1.808.400	51%
Rafmagn með vatnsafli	MWh	35.986	39.100	42.600	32.800	39.800	32.800	-18%
Rafmagn með hauggasi	MWh	1.787	3.181	2.300	4.200	1.000	183	-82%

Tafla 11. Eigin notkun

		2002	2003	2004	2005	2006	2007	Breyting frá fyrra ári
Rafmagn	MWh	113.541	111.949	122.760	131.900	160.740 <sup>1)</sup>	197.770	23%
Heitt vatn	m <sup>3</sup>	264.924	453.720	611.050	639.000	803.500	955.150 <sup>2)</sup>	19%
Kalt vatn	m <sup>3</sup>	8.000	39.200	55.600	109.600	350.030	374.430 <sup>2)</sup>	7%

<sup>1)</sup> Leiðrétt frá fyrra ári

<sup>2)</sup> Notkun á heitu og köldu vatni á Hellisheiði er áætluð

Á árinu 2007 var eigin notkun á heitu vatni 955.150 m<sup>3</sup> og 374.430 m<sup>3</sup> á köldu vatni, sem er um 1% af heildarvatnsframleiðslunni. Þó nokkur aukning hefur verið á notkun fyrirtækisins á heitu vatni undanfarin tvö ár og má rekja hana til tilkomu Hellisheiðarvirkjunar. Einhver aukning var á kaldavatsnotkun og var megin notkunin á Bæjarhálsi.

### Eldsneytisnotkun

Orkuveitan leitast við að skoða öll þau umhverfisáhrif sem stafa af rekstri fyrirtækisins og því hafa verið teknar saman upplýsingar um eldsneytisnotkun eigin bíla og þeirra bíla sem fyrirtækið leigir. Þessar upplýsingar eru settar fram í töflu 12.

Heildareldsneytisnotkun fyrirtækisins árið 2007 minnkar um 3% frá árinu 2006, þrátt fyrir að kyndistöðin hafi verið prófuð árið 2007. Þessi minnkun skýrist fyrst og fremst af því að notkun á lítaðri vélarolíu dróst töluvert saman milli ára, enda mjög mikið um tilraunaboranir á árinu 2006 í tengslum við opnun Hellisheiðarvirkjunar. Bensín notkun minnkaði einnig töluvert, en hluti þess skilaði sér í aukinni notkun á díselolíu.

### Súrar lofttegundir

Úrkoma sem inniheldur brennisteinssýru (H<sub>2</sub>SO<sub>4</sub>) og saltþéturssýru (HNO<sub>3</sub>) nefnist súrt regn. Þessar sýrur myndast einkum vegna brennslu á olíu og kolum. Orkuveita Reykjavíkur brennir nánast engri olíu eða kolum við orkuframleiðslu enda er almennt mjög lítið um iðnað á Íslandi sem það gerir. Vandamáli í tengslum við súrt regn eru því hverfandi.

Frá árinu 2003 hefur aðeins verið flutt inn díselolía til landsins sem er með minna brennisteinsinnihaldi en 350 ppm. Magn brennisteinstvíoxíðs vegna bruna olíunnar er því óverulegt.

Niðurstöður í útstreymisbókhalda fyrir árið 2007 koma fram í töflu 13. Meginhlutinn af notkun varaafis er vegna tilraunaborana á vegum fyrirtækisins. Heildarlosun súrra lofttegunda vegna starfsemi Orkuveitunnar er í öllum tilfellum undir 0,01% af heildarlosun þessarra lofttegunda á Íslandi.<sup>5</sup>

Tafla 12. Eldsneytisnotkun Orkuveitunnar

		2002	2003	2004	2005	2006	2007	Breyting frá fyrra ári
Bensín	lítrar	96.466	114.916	115.334	105.533	140.800	116.700	-17%
Díselolía	lítrar	187.057	196.829	210.493	213.969	250.600	264.900	6%
Svartolía	lítrar	0	14.880	0	18.313	0	10.100	-
Lituð vélaolía	lítrar	-	-	-	15.339	37.600	25.500	-32%

Tafla 13. Útstreymi súrra lofttegunda

	Uppruni		2002	2003	2004	2005	2006	2007
Köfnunarefnisoxíð (NOx)	Varaafli	kg	781	239	26	353	439	960
	Bílar	kg	6.300	7.700	8.100	8.100	9.300	9.500
	Kyndistöð	kg	0	452	0	564	0	310

5. Birna Sigrún Hallsdóttir, Rob Kamsma og Jón Guðmundsson, 2007, bls. 38–39.

### Kyndistöð

Í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fellur rekstur kyndistöðvar fyrirtækisins undir þá starfsemi sem ber að halda um grænt bókhald. Kyndistöðin er ætluð sem varastöð fyrir hitaveitu og hefur eina notkun hennar undanfarin ár verið vegna prófana sem standa aðeins yfir í fáar klukkustundir í senn. Kyndistöðin er prófuð annað hvert ár og var síðast prófuð á árinu 2007. Tafla 14 sýnir útstreymisbókhald kyndistöðvarinnar.

### Aðrar lofttegundir

Brennisteinsvetni ( $H_2S$ ) fellur til í nokkru magni í tengslum við orkuöflun á Nesjavöllum og á Hellisheiði. Árið 2007 var útstreymi brennisteinsvetnis frá Nesjavöllum 10.275 tonn. Útstreymi frá Hellisheiði var 6.902 tonn sem var að mestum hluta vegna reksturs virkjunarinnar að undanskildum tæpum 14% sem voru í tengslum við rannsóknir. Í töflu 15 má sjá útstreymi brennisteinsvetnis frá Nesjavöllum og Hellisheiði á árunum 2000 til 2007. Allur útblástur frá Hellisheiði fram til ársins 2006 er vegna tilraunaboranna.

Á vegum Orkuveitunnar er nú í gangi verkefni sem miðar að því að draga úr útblæstri brennisteinsvetnis frá virkjunum á Hengilssvæðinu. Verkefnið snýst um að skilja  $H_2S$  úr gasi frá virkjununum, blanda því við skiljuvatn og dæla því niður í bergið. Verkefnið er á undirbúningsstigi en stefnan er tekin á að hefja tilraunir haustið 2008.

### Neysluvatnsnotkun

Á níunda áratugnum var hafin markviss lekaleit á kalda- vatnslögnum Orkuveitu Reykjavíkur. Leitir hefur skilaði mjög góðum árangri og gott viðhald og viðgerðir á lögnum minnka notkun á köldu vatni umtalsvert. Lekinn var lágmarkaður í kringum 1998 og síðan þá hefur aukning í neysluvatnsnotkun í Reykjavík verið að mestu vegna fólksfjölgunar á þjónustusvæði Orkuveitunnar. Þrátt fyrir fólksfjölgun um tæp 30% á tímabilinu, hefur neysluvatnsnotkunin ekki enn náð þeirri notkun sem var fyrir markvissa lekaleit, sjá mynd 11.

Tafla 14. Losun lofttegunda frá kyndistöð

		2002	2003	2004	2005	2006	2007
Koldíoxíð ( $CO_2$ )	kg	0	44	0	55	0	30
Metan ( $CH_4$ )	kg	0	3	0	4	0	2
Brennisteinstvíoxíð ( $SO_2$ )	kg	0	52	0	64	0	35
Kolmónoxíð ( $CO$ )	kg	0	575	0	705	0	390
NM VOC <sup>1)</sup>	kg	0	110	0	141	0	74
Köfnunarefnisoxíð ( $NO_x$ )	kg	0	452	0	564	0	307


<sup>1)</sup> Rokgjarnar lífrænar efnablöndur án metans.

Tafla 15. Útstreymi brennisteinsvetnis

	Uppruni		2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Brennisteinsvetni ( $H_2S$ )	Nesjavallir	tonn	5.544	7.990	8.636	5.941	5.048	8.918	8.650	10.275
	Hellisheiði	tonn	-	-	157	1.283	748	443	- <sup>1)</sup>	6.902


<sup>1)</sup> Ekki reyndist unnt að fá tölur frá Hellisheiði árið 2006





Mynd 11. Neysluvatnsnotkun í Reykjavík á árunum 1986–2007

Þegar Orkuveita Reykjavíkur tók yfir rekstur á vatnsveitu Akraness var hafin markviss lekaleit til þess að lágmarka leka í kaldavatnsveitunni. Með því náðist allt að 18% betri nýting á neysluvatni milli árunna 2002 og 2004. Á mynd 12 má sjá yfirlit yfir neysluvatnsnotkun á Akranesi undanfarin ár.



Mynd 12. Neysluvatnsnotkun á Akranesi á árunum 2002–2007

### Eftirlit með vatnsverndarsvæðum

Fylgst er með flutningum á olíu og bensíni um vatnsverndarsvæði Orkuveitu Reykjavíkur. Árið 2007 voru fluttir um svæðin 97.954 lítrar af eldsneyti undir eftirliti starfsmanna Orkuveitunnar. Þessir flutningar eru sýndir nánar í töflu 16.

Haft er eftirlit með meindýragildrum og hræ fjarlægð sem finnast á vatnsverndarsvæðum Orkuveitunnar. Á árinu 2007 voru alls 20 fuglar fjarlægðir við Hrauntúnstjörn og í nágrenni hennar, flestir voru vængbrotnir eftir að hafa flogið á háspennulínu og aflífa þurfti suma þeirra. Fimm minkar voru veiddir í gildrum þetta árið og tvö kanínuhræ fjarlægð. Þrjár mýs veiddust við Bullaugu í gildru.

Tafla 16. Flutningur vafasamra efna um vatnsverndarsvæði Orkuveitunnar

		2007	Staður
Bensín	lítrar	2.887	Bláfjöll, skíðasvæði
Olía	lítrar	37.240	Bláfjöll, skíðasvæði
	lítrar	1.700	Elliðavatn skógrækt
	lítrar	56.127	Framkvæmdir vegna vatnsveitu Kópavogs
<b>Samtals</b>	<b>lítrar</b>	<b>97.954</b>	




Mynd 13. Fjarlægð dýr við Hrauntúnstjörn

### Yfirfallstími í dælu- og hreinsistöðvum

Orkuveitan hefur sett sér það markmið að yfirföll í dælu- og hreinsistöðvum fráveitu séu ekki virk meira en 5% af árinu. Þessu markmiði hefur verið náð frá því að kerfisbundnar skráningar hófust árið 2000. Á mynd 14 er borinn saman hlutfallslegur yfirfallstími í dælustöðvum og þeim yfirföllum utan dælustöðva sem vöktuð eru á höfuðborgarsvæðinu. Mynd 14. Yfirfallstími fráveitu Orkuveitu Reykjavíkur

### Umhverfisóhöpp

Einhver óhöpp urðu vegna framkvæmda við Hellisheiðarvirkjun á árinu 2007. Við snjómokstur í Hverahlíð var snjó og jarðvegi rutt út fyrir borplanið, þannig að óraskað svæði var þakið jarðvegi. Borsvarf barst út fyrir borteiginn á holu HE 32 út á ósnortið mosagróið alpahraun, og borvatn flæddi yfir hraun og mosa. Borvatn lak einnig úr pitt við borun á holu HE 27 á Skarðsmýrarfjalli, en þar tókst að koma í veg fyrir frekari spjöll.



Mynd 14. Yfirfallstími fráveitu Orkuveitu Reykjavíkur

Þrjú óhöpp urðu við meðhöndlun olíu á árinu 2007. Eitt var í tengslum við dælustöð fráveitu í Örfirisey, annað varð í Heiðmörk og það þriðja við Hellisheiðarvirkjun.

Síðari hluta febrúar varð olíuleki í dælustöð fráveitunnar í Örfirisey vegna yfirfalls sem stíflaðist hjá Skeljungu. Slökkvilið og lögreglan mættu á staðinn og gerðu viðeigandi ráðstafanir. Alls voru um 1.500 lítrar af olíu hreinsaðir úr dælustöðinni.

Í mars rann vörubíll með tengivagn út af vegi í Heiðmörk með þeim afleiðingum að 350 lítrar af díselolíu, um 40 lítrar af smurolíu og 40 lítrar af frostlegi láku úr bílnum. Haft var samband við slökkvilið og viðeigandi hreinsunaraðila. Áætlað er að um 150–200 rúmmetrar af menguðum jarðvegi hafi verið fjarlægðir.


Mengunaróhapp varð við Hellisheiðarvirkjun í september. Hráolía lak í jarðveg þegar verið var að færa til olútank. Olíumengunum jarðvegi var mokað upp og komið til efnamóttöku.

Í öllum tilvikum brugðust starfsmenn Orkuveitunnar skjótt við og unnu samkvæmt viðbragðsáætlun Rekstrarhandbókar fyrirtækisins, kölluðu til rétta aðila og nýttu mengunarbúnað sem þeim er skylt að hafa við höndina.









Samfélagsleg ábyrgð

## Samfélagsleg ábyrgð

Samfélagsleg ábyrgð felur í sér opna og gegnsæja viðskiptahætti sem byggðir eru á siðrænum gildum og virðingu fyrir starfsmönnum, samfélaginu og umhverfinu. Samfélagsleg ábyrgð er viðhöfð til þess að koma á sjálfbærum gildum sem viðast í samfélaginu. Eitt stærsta samfélagslega verkefni Orkuveitunnar er vöktun og stýring á umhverfispáttum.

Stefna Orkuveitu Reykjavíkur um samfélagslega ábyrgð byggir á gildum fyrirtækisins:

- Fyrirtækið er traust og starfar í sátt við umhverfið
- Það er sveigjanlegt og lagar sig að breyttum aðstæðum
- Það er heiðarlegt, gagnsætt í vinnubrögðum og góður granni
- Það sýnir frumkvæði og er opið fyrir nýjungum

Samfélagsleg ábyrgð snertir nær alla starfssemi fyrirtækisins og tekur til stefnu fyrirtækisins og forystu, umhverfisins, framgangs þess á markaði, gæða þess sem vinnustaðar, samskipta við hagsmunaaðila og framlaga þess til samfélagsins. Stýrihópur skipaður af forstjóra hefur haft umsjón með innleiðingu stefnunnar, þróun hennar og skýrslugerð í samræmi við hana.

### Styrkir og framlög

Undanfarin ár hefur Orkuveitan styrkt mörg verkefni sem tengjast menningu, listum, íþróttum og góðgerðarmálum. Árið 2007 veitti Orkuveitan fyrsta skipti svokallaða Samfélagslega styrki, samtals að upphæð 50 milljónir króna. Skipting styrkjanna eftir sviðum er sýnd í töflu 17.

Tafla 17. Skipting styrkja

		Upphæð styrkja
Mannúðarmál	kr.	10.000.000
Menningarmál	kr.	10.000.000
Íþrótt- og æskulýðsmál	kr.	15.000.000
Umhverfis- og útivistarmál	kr.	15.000.000
Samtals	kr.	50.000.000

Orkuveita Reykjavíkur ákvað einnig að styrkja Evrópumót kvenna í knattspyrnu, yngri en 19 ára, sem var haldið á Íslandi árið 2007. Orkuveitan styrkti keppnina um 5 milljónir króna, auk þess að greiða fyrir auglýsingar.

Styrkveiting Orkuveitu Reykjavíkur til kvenna sem stunda nám í verk- eða tæknifræði er liður í starfsáætlun fyrirtækisins í jafnréttismálum með það að markmiði að fjölga konum í stjórnunar- og ábyrgðastöðum. Orkuveitan er einnig þátttakandi í átaksverkefni jafnréttisnefndar Háskóla Íslands og fleiri aðila um aukinn hlut kvenna í forystustörfum og jafnara námsval kynjanna.

Við úthlutun styrkja er lögð sérstök áhersla á nám sem tengist og nýtist Orkuveitunni og fáar konur sækja í. Heildarupphæð styrkja var 1 milljón króna árið 2007, eins og árið áður, sem skiptist jafnt á milli fimm styrkþega, sjá töflu 18.

Tafla 18. Námsstyrkir til kvenna á árunum 2006–2007

		2006	2007
Verk- og tæknifræði	kr.	750.000	800.000
Iðn- og vélfræði	kr.	250.000	200.000
Samtals	kr.	1.000.000	1.000.000




### Fræðsla og gestamóttaka Orkuveitunnar

Orkuveita Reykjavíkur leggur mikla áherslu á að taka vel á móti öllum hópum sem óska eftir heimsókn til móttökustaða fyrirtækisins. Tekið er á móti fjölda gesta á hverju ári og hafa hópar skólanema, innlendra jafnt sem erlendra, verið sérstaklega áberandi. Ferðamannahópar hafa verið margir, þeim fer þó fækkandi en ferðamönnum á eigin vegum hefur hins vegar fjölgað töluvert. Opinberar móttökur þjóðhöfðingja og annarra opinberra gesta hafa einnig verið fastur liður í móttökum.

Tafla 19. Fjöldi gesta Orkuveitunnar

	2004	2005	2006	2007
Bæjarháls	6.000	4.115	5.321	5.543
Nesjavellir	16.690	17.953	16.995	16.468
Hellisheiði	-	-	2.000	7.232
Gvendarbrunnar	2.494	2.449	3.044	2.393
Rafheimar	2.350	3.200	2.700	2.400
Gallerí 100°	-	-	6.000	7.000
<b>Samtals</b>	<b>27.534</b>	<b>27.717</b>	<b>36.060</b>	<b>41.036</b>



Mynd 15. Heildarfjöldi gesta á móttökustöðum Orkuveitunnar

### Bæjarháls

Í aðalstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur var fjölbreytt starfsemi í móttöku og kynningarmálum. Um var að ræða nemendahópa, fræðsluferðir ýmissa klúbba, eldri borgara, erlenda ferðamenn og ýmsa gesti sem komu til þess að kynna sér orkumál. Fjöldi annarra gesta kom í heimsókn t.d. í tengslum við ýmsa listviðburði, ráðstefnur og fundi. Meðal áhugaverðra samkoma sem haldnar voru að Bæjarhálsi má nefna opnun orkuskiólans REYST, þar sem Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, var sérstakur heiðursgestur og málþing á vegum bandaríska orkufyrirtækisins SmartPower þar sem listakonan Yoko Ono var meðal gesta.

### Nesjavellir

